

**Nr. 19-007 S 006 Lubba VE 27 skemmtibátur****Leki kom að bátnum**

Skipaskr.nr. 5665  
Útgerð: Ufsaberg ehf.  
Smíðaður: Danmörk  
Stærð: 5,57 brl. 6,20 bt.  
Mesta lengd: 8,96 m Skráð lengd: 8,86 m  
Breidd: 2,55 m Dýpt: 1,30 m  
Vél: Ford, 130 kw,  
Fjöldi skipverja: 4



Lubba © Eyjar.net

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. janúar 2019 var Lubba VE 27 í innsiglingunni í Vestmanneyjahöfn. Veður: ASA 3 m/s.

Á leið til hafnar tilkynnti Lubba á VHF rás 16 að leki væri kominn að bátnum og hann væri að sökkva. Stuttu síðar var tilkynnt að báturinn væri kominn upp í fjöru og óskaði eftir aðstoð. Dráttarbáturinn Lóðsinn fór til að aðstoða bátinn og tók hann að bryggju þar sem hann var hífður á land.

**Við rannsókn kom fram:**

- að báturinn var staddur út af Eiðinu og á útleið þegar lekinn byrjaði;
- að lekinn var framarlega á botni bátsins sb-megin og inn í káetu. Hann var lítill í upphafi en jókst jafnt og þétt;
- að lensidælan hafði ekki undan og skipverjar reyndu einnig að ausa bátinn en höfðu ekki undan;
- að til að bjarga bátnum var honum siglt upp í fjöru;



- að lekinn á bol bátsins var með koparplötu fyrir frárennslisúttaki sem upphaflega var frá salerni sem búið var að fjarlægja úr honum;
- að koparplatan var um 40x40 cm að stærð og boltuð í trefjaplastið með gegnumgangandi 12 mm boltum. Plasttrefjað var yfir boltahausana;
- að við skoðun kom í ljós að einn boltann vantaði í koparplötuna og sjórinn komst þar inn í bátinn óhindrað.

***Nefndarálit:***

Orsök lekans er að plata yfir úttaki var ekki þétt vegna tæringar á einum boltanum sem festi hana.